FRÚAR-JARPUR SIGRAÐI ÞJÁLFA EFTIR HÖRKUKEPPNI

GÍFURLEGUR spenningur ríkti á fjórðungsmótinu á Faxaborg, þegar kom að úrslitasprettinum í 800 m stökki. Myndin sýnir Frúar-Jarp, Unnar Einarsdóttur á Hellu, sigra Þjálfa Sveins K. Sveinssonaar eftir geysiharða keppni. Tími Frúar-Jarps var 62,9 sekundur. Knapi á Frúar-Jarpi var Kristinn Guðnason, Skarði á Landi, en knapi á Þjálfa, sem náði beztum tíma í milliriðlum, var Guðrún Fjeldsted í Ferjukoti.

Blesi Sigurðar Bjarnasonar á Hlemmiskeiði hljóp á aðeins sekúndubroti undir Íslandsmetinu í folahlaupi, eða á 18,3 sekúndum í milliriðli, Fannar Harðar Albertssonar rann skeiðsprettinn á 23,5 sekúndum og Loki Þórdísar Albertsson stökk 300 metrana á 21,7 sekúndum. Þá sigraði Funi Marteins Valdimarssonar í 1500 metra brokki á 3 mín. 16,5 sek.

(Tímamynd: G.T.K.)



Íslendingar 216.628

SJ-Reykjavík **Íbúar á öllu landinu voru 216.628 1. des. 1974 og hafði fjölgað um 1,47% síðan árið áður, en fjölgunin frá 1/12 1972 til 1/12 1973 var 1,29%. Karlar eru nú 109.506, en konur 107.122.**

Í Reykjavík eru 84.772 íbúar, 41.301 karlar og 43.471 kona. Í öðrum kaupstöðum eru samtals 70.206 íbúar, 35.520 karlar og 34.686 konur. Í sýslum landsins búa 61.650 manns, 32.685 karlar og 28.965 konur. Fjölmennasti kaupstaðurinn er Kópavogur, 12.090, en síðan kemur Akureyri 11.689 og þá Hafnarfjörður 11.372.

Fimm nýir kaupstaðir urðu til á árinu, Grindavík, Seltjarnarnes, Bolungarvík, Dalvík og Eskifjörður. Laugarbakki í Ytri-Torfustaðahreppi, Laugar í Reykdælahreppi og Rauðalækur í Holtahreppi bætast í tölu þéttbýlisstaða.

Tala sveitarfélaga er sem hér segir: 19 kaupstaðir (Reykjavík meðtalin), 205 hreppar. Sveitarfélög eru alls 224. Sýslufélög 23.

Árnessýsla er fjölmennust sýsla á landinu með 9.226 íbúa. N-Ísafjarðarsýsla er fámennust með 567 íbúa.

Fámennasti hreppur í landinu er Múlahreppur í A-Barðastrandarsýslu með 22 íbúa. Selfosshreppur er fjölmennastur með 2.834 íbúa.

34.696 íbúar búa í þéttbýlisstöðum öðrum en kaupstöðum. Fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn er Garðakauptún, 3.990.

Garðahreppur og Bessastaðahreppur hafa frá 1. janúar 1974 talizt til Kjósarsýslu (voru áður í Gullbringusýslu). Bæjarfógetinn í Keflavík er sýslumaður í Gullbringusýslu (frá 1. jan. 1974). Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er sýslumaður í Kjósarsýslu.

Skátamót að Úlfljótsvatni um næstu helgi

LANDSSAMBAND St. Georgsgildanna á Íslandi, sem er alþjóðlegur félagsskapur eldri skáta og velunnara skátahreyfingarinnar, efnir til móts gildisfélaga að Úlfljótsvatni helgina 12.—13. júlí, og hefst mótið klukkan 14.00 á laugardag.

Til móts þessa er efnt til að minnast þess, að nú eru liðin rétt 25 ár frá móti því, sem almennt er talið upphaf starfs St. Georgsgildanna hérlendis, en það var einnig haldið við Úlfljótsvatn.

Á dagskrá mótsins eru margvísleg atriði til fróðleiks og skemmtunar mótsgestum, og fyrir þá sem koma vilja snemma til Úlfljótsvatns, verður tjaldbúðaaðstaða sett upp þegar á föstudag.

Mótinu lýkur síðdegis á sunnudag.

Sýning Eyjólfs Eyfells framlengd um viku

JG RVK. Sýning Eyjólfs J. Eyfells, listmálara, sem staðið hefur að Kjarvalsstöðum, hefur nú verið framlengd um viku.

Mjög góð aðsókn hefur verið að þessari yfirlitssýningu á verkum hins aldna málara (89 ára), munu um og yfir 5000 manns hafa komið á sýninguna.

Vegna fjölda óska hefur sýningin nú verið framlengd um eina viku, en henni átti að ljúka s.l. sunnudag. Hefur stjórn Kjarvalsstaða sýnt hinum aldna listamanni þá sæmd að leyfa honum afnot af salarkynnum til næstkomandi sunnudagskvölds.

Verður sýningin því opin þessa viku frá kl. 16—22, en á laugardag og sunnudag verður opið frá kl. 14—22. Sýningin hefur hlotið lofsverða dóma í öllum blöðum, sem um hana hafa fjallað.

Fingralangur listunnandi

H.V. Reykjavík. Um helgina gerðist gestur á sýningu dönsku listakonunnar Gunhild Skovmand í Norræna húsinu, nokkuð fingralangur og hafði á brott með sér eina af myndunum, sem hún sýnir þar. Myndin er smá, um átta sendimetrar á annan veginn og tuttugu á hinn, og hafði henni verið rennt undan glerplötu, sem var henni til hlífðar.

Ekki er vitað með vissu, hvenær myndin hvarf, en talið er að það hafi verið annað hvort laugardag eða sunnudag. Myndin var þannig staðsett, að gæzlukona á sýningunni átti óhægt um vik að fylgjast með henni, og því hefur viðkomandi sýningargestur getað gefið sér góðan tíma til að ná myndinni undan glerinu.

Í gær hafði ekki tekizt að upplýsa málið, en unnið er að rannsókn þess.

Engin mót í Vaglaskógi í sumar vegna ónógrar snyrtiaðstöðu og vatnsskorts

ASK-Akureyri. — Það hefur verið lítið um ferðamenn í Vaglaskógi, það sem af er sumri, enda var vorið kalt, og gera má ráð fyrir að allur gróður sé um það bil þremur vikum seinni til en í meðalári, sagði Ísleifur skógarvörður í viðtali við Tímann fyrir skömmu.

Ísleifur kvað það fyrst hafa verið nú um helgina að mikill fjöldi fólks, aðallega Akureyringar, hefði gist skóginn. Hins vegar væri lítið um erlenda ferðalanga. Aðspurður um það, hvort ekki yrðu haldin mót í Vaglaskógi í sumar, sagði Ísleifur, að vegna ónógrar snyrtiaðstöðu og skorts á vatni væri það hreinlega ekki hægt. Ef halda ætti fjölmenn mót, væri aðstaðan á allan hátt óviðunandi, og sagði Ísleifur, að ekki væri vitað um nein fjárframlög, sem ættu að renna til bættrar aðstöðu í skóginum. Í Vaglaskógi eru til dæmis engin önnur salerni en hinir landspekktu spútnikkar, og anna þeir hvergi nærri þörfinni, þegar allt að 8000 manns sækir Vaglaskóg heim.

Þá var síðast liðið haust rifið samkomuhúsið Brúarlundur, en þar hafa dansleikir verið haldnir, þegar mót standa yfir. Brúarlundur var byggður á árunum eftir seinni heimsstyrjöld og fyrstu árin notaður sem hótel.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju:

Tónlist frá 17. og 18 öld

Gisti og veitingarekstur hafinn

SJ-Reykjavík. Um næstu helgi hefst sú nýbreytni í starfinu á Skálholtsstað, að efnt verður þar til tónleikahalds. Semballeikararnir Elín Guðmundsdóttir og Helga Ingólfsdóttir og Manuela Wiesler flautuleikari flytja tónlist frá 17. og 18. öld í Skálholtskirkju, og verða þar tónleikar um hverja helgi fram til 4. ágúst. Þá er tekið á móti dvalargestum í húsakynnum lýðháskólans og þar er einnig seldur matur og aðrar veitingar.

Fyrstu tónleikarnir í Skálholtskirkju verða 12. júlí kl. 17 og 13. júlí kl. 16. Verða þá flutt frönsk sembalverk frá 18. öld. Þær Elín Guðmundsdóttir og Helga Ingólfsdóttir flytja þá verk eftir Fr. Couperin og J. Ph. Rameau. Síðan verður ný efnisskrá um hverja helgi, næstu þrjár helgar. Á síðari tónleikunum verða flutt verk eftir Farmaby, Carlton, Tomkins, Couperin, Krebs, Frescobaldi, Scarlatti, Bach og Mozart. Aðgangur er ókeypis að tónleikunum.

Sveinbjörn Finnsson, ráðsmaður í Skálholti, lét í ljós ánægju með þessa menningarstarfsemi, sem nú er að hefjast á hinu forna biskupssetri. Sagði hann, að þarna væri gamall draumur að rætast.

Veitingareksturinn að sumrinu í Skálholti hefur gefið góða raun. Skálholtsstaður sér í sumar um þessa þjónustu við ferðamenn, og er nú hægt að fá gistingu í húsakynnum lýðháskólans. Gistiherbergin eru tveggja manna, og það fylgir hverju herbergi. Einnig er hægt að fá svefnpokapláss. Ýmsar ráðstefnur og námskeið hafa verið haldnar í Skálholti í sumar, nýafstaðin er prestastefna, og námskeið guðfræðinema var þar fyrir skömmu.



Helga Ingólfsdóttir, Elín Guðmundsdóttir og Manuela Wiesler.

Rafvirkjar vilja boða verkfall í Straumsvík

H.V. Reykjavík. Rafvirkjar, sem starfa hjá íslenzka álfélaginu í Straumsvík, samþykktu á fundi sínum í gær að leita eftir heimild hjá trúnaðarmannaráði Félags íslenzkra rafvirkja til þess að boða til verkfalls í álverinu í Straumsvík.

Rafvirkjar æskja þessarar heimildar, þar sem samningar hafa ekki náðst milli þeirra og Álfélagsins um kaup þeirra og kjör, en þegar hefur verið samið við aðra starfsmenn fyrirtækisins. Að sögn Hlöðvers Kristjánssonar, trúnaðarmanns rafvirkja í Straumsvík, eru það ekki deilur um beinar launahækkanir, sem koma í veg fyrir að semjist, heldur ágreiningur um önnur atriði samningsins.

Komi til þess að rafvirkjar boði verkfall í Straumsvík, kemur það þó ekki að fullu til framkvæmda fyrr en þrem vikum eftir boðaðan verkfallsdag, þar sem samningar rafvirkja við álverið kveða svo á, að þeim sé skylt að vinna öll störf sem nauðsynleg teljast til að forða verksmiðjunni frá skemmdum, fyrstu þrjár vikur verkfalls.

Stolið úr bíl

H.V. Reykjavík. Í gærdag var stolið veski úr bifreið, sem stóð við Klapparstíg í Reykjavík. Hafði bifreiðarstjórinn skroppið frá bifreiðinni í tíu mínútur, og skildi hana eftir ólæsta á meðan. Veskinu hafði hann stungið niður á milli framsætanna, en þegar hann kom til baka, var það horfið.

Í veskinu voru um 5000 krónur í peningum.

Mál þetta er í rannsókn, en ekki hefur tekizt að hafa upp á þjófnum, og lögreglunni hafa ekki borizt neinar ábendingar frá vegfarendum, sem hugsanlega kynnu að hafa séð til hans.